
MINNISBLAÐ

Til: Utanríkismálanefndar.

Frá: Utanríkisráðuneytinu.

Dags.: 14. mars 2008.

Efni: Athugasemdir varðandi 10. gr. frumvarps til varnarmálalaga um tímabundnar ráðningar.

Alþingi
Erindi nr. P 135/1868
komudagur 18.3.2008

Utanríkisráðuneytið vill með þessu minnisblaði færa fram frekari skýringar og rök fyrir nauðsyn sérstaks ákvæðis um tímabundnar ráðningar í 10. frumvarps til varnarmálalaga. Eins og fram kemur í greinargerðarathugasemdum með frumvarpsákvæðinu er um nýmæli að ræða. Hugsunin að baki ákvæðinu er þó ekki ný af nálinni og í hnotskurn má segja að eftirfarandi atriði liggja því til grundvallar:

Séreðli utanríkisþjónustunar á sviði starfsmannamála.

Sveigjanleiki í starfsmannamálum og flutningsskylda starfsmanna er eitt helsta séreinkenni utanríkisþjónustunnar. Þetta séreðli er vegna hinnar alþjóðlegu tengingar starfseminnar og er ætlað að auka aðlögunarhæfni og rekstrarsveigjanleika, auðvelda öflun og nýtingu sérþekkingar í samræmi við áherslur í alþjóðasamfélaginu á hverjum tíma og til að byggja upp tengslanet á alþjóðavettvangi sem nýtist íslensku utanríkisþjónustunni í heild sinni. Að því er starfsfólkið varðar þá er það forsenda af þess hálfu að það glati ekki áunnum starfsréttindum sínum við slíkan flutning. Sérstaklega er tiltekið í 10. gr. frumvarpsins að starfstími í hinu tímabundna starfi skal reiknaður sem hluti af starfstíma viðkomandi í hinu fasta starfi hans.

Séríslenskar aðstæður á sviði sviði öryggis- og varnarmála.

Ein af grunnforsendunum að baki frumvarpi til varnarmála er sú staðreynd að sökum herleysis íslensku þjóðarinnar verða varnir landsins einungis tryggðar með *samstarfi við önnur ríki*. Slíkt samstarf á sér stað í *milliríkjasamstarfi og innan alþjóðastofnana* og er því á forræði utanríkisráðuneytisins. Þá er *hugtakið öryggis- og varnarmál* skilgreint í frumvarpinu sem þau mál sem snúi að *samstarfi Íslands við önnur ríki og alþjóðastofnanir* á sviði landvarna sem og varna gegn öðrum hættum og ógnum sem steðjað geta að íslensku þjóðinni og íslensku forráðasvæði og eiga upptök sín í hinu alþjóðlega samfélagi. Ákvæði 10. gr. frumvarpsins tekur mið af framangreindum staðreyndum og hefur þann tilgang að styrkja tengsl utanríkisþjónustunnar og Varnarmálastofnunar. Er þá haft í huga hversu mjög stjórnsýsla varnarmála tengist þjóðréttarsamningum og milliríkjasamskiptum.

Nauðsyn sértækrar þekkingaröflunar á sviði öryggis- og varnarmála.

Ákvæði 10. gr. frumvarpsins hefur það einkum að markmiði að auðvelda þekkingaröflun á sviði öryggis- og varnarmála sem einungis verður sótt út í heim. Hugsunin með ákvæðinu er tvíþætt. Annars vegar að ríkisstarfsmenn með sérþekkingu á sviði öryggis- og varnarmála, einkum starfsmenn utanríkisþjónustunnar, geti flust tímabundið til starfa hjá Varnarmálastofnun til að miðla af þekkingu sinni og reynslu. Hins vegar opnar ákvæðið á þann möguleika að starfsmenn Varnarmálastofnunar geti, í gegnum utanríkisþjónustuna, farið til starfa hjá alþjóðastofnunum á sviði öryggis- og varnarmála.

Þröngar skorður núgildandi starfsmannalaga nr. 70/1996.

Núgildandi lög nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins bjóða í mjög takmörkuðum mæli upp á það vistaskiptafyrirkomulag sem 10. frumvarpsins kveður á um. Þannig ber jafnan að auglýsa lausar stöður hjá ríkinu og ekki er heimilt að ráða fólk tímabundið í lengri tíma en til tveggja ára. Þetta fyrirkomulag hamlar þeim kröfum sem séreðli utanríkisþjónustunnar kallar á í starfsmannamálum. Eðlilegra þykir að slíkar fráviksheimildir séu lögfestar svo leikreglurnar séu hér skýrar.

Benda má á að nú þegar finnast sérlög þar sem utanríkisráðuneytinu eru heimiluð frávik frá auglýsingaskyldunni og ráðningartími og uppsagnarfrestur hafður sveigjanlegur. N.t.t. eru þetta lög um nr. 73/2007 um íslensku friðargæsluna og þátttöku hennar í alþjóðlegri friðargæslu. Einnig er gert ráð fyrir svipuðu fyrirkomulagi í 2. mgr. 8. gr. fyrirliggjandi frumvarps til laga um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands. Þessi starfsmannákvæði taka mið af þeim sveigjanleika sem leiðir af séreðli alþjóðasamstarfs og auðvelda aðgengi að sérfræðipekkingu tiltekinna starfsmanna í takmarkaðan tíma án þessa að ganga þurfi í gegnum tafsamt ráðningarferli. Yfirlit yfir þessi ákvæði er að finna í fylgiskjali með minnisblaðinu.

Það er mat utanríkisráðuneytisins að lögfesting ákvæðis 10. gr. frumvarps til varnarmálalaga sé nauðsynlegur þáttur í uppbyggingu árangursrík milliríkjasamstarf á sviði öryggis- og varnarmála. Einnig mun það auðvelda öflun sérhæfðar þekkingar sem íslensk stjórnvöld hafa í dag er takmarkaðan aðgang að.

FYLGISKJAL

Sérslagákvæði og frumvarpsákvæði um tímabundnar ráðningar og launalaus leyfi.

Ákvæði 10. gr. frumvarps til varnarmálalaga (upphafleg útgáfa).

Forstjóra Varnarmálastofnunar er heimilt, að höfðu samráði við utanríkisráðuneytið, að ráða án auglýsingar embættismann eða fastráðinn starfsmann utanríkisþjónustunnar tímabundið í starf hjá Varnarmálastofnun, þó ekki lengur en til tveggja ára í senn enda fullnægi hann skilyrðum öryggisvottunar skv. 24. gr. Telst viðkomandi vera starfsmaður Varnarmálastofnunar og í launalaus leyfi frá utanríkisþjónustunni á meðan hann gegnir starfinu. Með sömu skilyrðum má veita starfsmanni Varnarmálastofnunar tímabundið starf hjá utanríkisþjónustunni.

Starfstími í hinu tímabundna starfi skal reiknaður sem hluti af starfstíma viðkomandi í hinu fasta starfi/embætti hans.

Utanríkisráðherra er heimilt að ákveða að 1. og 2. mgr. taki til ákveðinna ríkisstarfsmanna sem hafa sérfræðipækkingu sem talin er nýtast á starfsvettvangi Varnarmálastofnunar eða utanríkisþjónustunnar. Skilyrði er þó að vinnuveitandi viðkomandi ríkisstarfsmanns veiti samþykki sitt fyrir slíkri tímabundinni ráðningu.

Tillaga utanríkisráðuneytsið að nýju orðalagi 10. gr. frumvarps til varnarmálalaga:

Forstjóra Varnarmálastofnunar er heimilt, að höfðu samráði við utanríkisráðuneytið, að ráða án auglýsingar ríkisstarfsmann tímabundið til starfa hjá Varnarmálastofnun, þó ekki lengur en til tveggja ára í senn. Áskilið er að vinnuveitandi viðkomandi samþykki slíka tilhögun. Með sömu skilyrðum má veita starfsmanni Varnarmálastofnunar tímabundið starf hjá utanríkisþjónustunni.

Starfsmaður sem ráðinn er skv. 1. mgr. skal eiga rétt á launalaus leyfi á meðan hann gegnir hinu tímabundu starfi. Slíkt leyfi skerðir ekki réttindi til greiðslu í lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Starfstími í hinu tímabundna starfi telst hluti af starfstíma í föstu starfi viðkomandi.

Ákvæði 2. mgr. 8. gr. frumvarps til laga um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands (Þskj. 705, 442. mál).

Utanríkisráðuneytinu er heimilt, að höfðu samráði við Þróunarsamvinnustofnun Íslands, að ráða starfsmann Þróunarsamvinnustofnunar tímabundið í starf hjá ráðuneytinu, þó ekki lengur en fimm ár í senn. Telst viðkomandi vera starfsmaður ráðuneytisins og í launalaus leyfi frá Þróunarsamvinnustofnun á meðan hann gegnir starfinu. Við slíka ráðningu er heimilt að víkja frá ákvæðum 7. gr. laga nr. 70/1996. Með sama hætti má veita embættismanni eða fastráðnum starfsmanni ráðuneytisins tímabundið starf hjá Þróunarsamvinnustofnun.

Lög nr. 73/2007 um íslensku friðargæsluna og þátttöku hennar í alþjóðlegri friðargæslu

8. gr. Utanríkisráðuneytinu er heimilt að halda skrá yfir fólk sem er reiðubúið að takast á hendur friðargæsluverkefni erlendis. Heimilt er að binda skráningu almennum lágmarksskilyrðum, þar á meðal um menntun, þekkingu, reynslu, heilsufar, tungumálakunnáttu og aðra eiginleika eftir því sem ráðuneytið telur nauðsynlegt. Utanríkisráðuneytið metur að öðru leyti sérstaklega hvaða þekking, kunnáttu eða reynsla kemur að mestum notum þegar ráðið er til einstakra verkefna og er þá ekki bundið af framangreindri skrá.

Ákvæði 7. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, um auglýsingu starfa gilda ekki um störf við friðargæslu.

9. gr. Friðargæsluliðar skulu ráðnir tímabundið að hámarki til eins árs í senn. Gagnkvæmur uppsagnarfrestur á ráðningartíma skal vera einn mánaður. Ákvæði 1. mgr. 44. gr. laga nr. 70/1996 og 5. og 6. gr. laga nr. 139/2003 taka ekki til friðargæsluliða.

10. gr. Ríkisstarfsmenn skulu eiga rétt á launalaus leyfi þann tíma sem þeir gegna friðargæslustarfi. Slíkt leyfi hefur ekki áhrif á önnur starfsréttindi þeirra, þar á meðal til greiðslu í lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Starfstími þeirra við friðargæslu skal reiknaður sem hluti af starfstíma þeirra í hinu fasta starfi hjá ríkinu.